

Alphacryl Pure Mat SF

Almött veggjamáling



Efnislýsing

Alphacryl Pure Mat SF er almött, vatnspynnaleg, pólýúretanstyrkt akrýlmáling til notkunar innanhúss. Hún hefur einkar fallega og silkimjúka áferð, endurkastar ekki ljósi en dregur fram dýpt í litum. Alphacryl Pure Mat hefur gott rispúpol, er slitsterk og breytist ekki við þvott eins og algengt er með mjög matta málingu. Hún hylur og þekur óvenju vel, hefur langan opinn tíma og er afar auðveld að mála með. Alphacryl Pure Mat hefur einstaka einangrunareiginleika og kemur í veg fyrir að erfiðir blettir, (nikótín, kvistir, sót o.s.frv.) nái að blæða í gegn. Hún hentar á nær alla gerðir undirlags innandyra. Efnid nær fullri hörku á þremur vikum. Þrífið málinguna með trefjaklút og köldu vatni.

Meðhöndlun

Nýmálan

1. Spartlið flötinn ef þörf krefur.
2. Hreinsið laust spartl, gífsleifar og ryk. Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu og önnur óhreinindi.
3. Grunnið eina umferð með Professional Grund+.
4. Málið eina eða tvær umferðir af Alphacryl Pure Mat SF.

Endurmálan

Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu og önnur óhreinindi.

1. Óhreina málaða fleti skal þvo með Original Málartvätt.
2. Gljáandi fleti skal slípa matta og grunna með Original Háftgrund til að tryggja góða viðlöðun.
3. Spartlið flötinn ef þörf krefur. Blettgrunnið spartlaða fleti með Grund+.
4. Málið eina til tvær umferðir af Alphacryl Pure Mat SF.

Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað laust bundið undirlag, skal grunna með Professional Microdispers grunni áður en málað er.

ATH. Ef einangra þarf erfiða bletti: Notið 2 óþynntar umferðir með a.m.k. 24 klst. millibili.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar máling er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málingar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Pólýúretanstyrktur akrýll

Gljástig: Almatt (2 GU við 85°)

Hiti við málan: Minnst 5°C

Rakastig: Mest 85%

Purrefni: Um 62% af vigt (fer eftir lit) og um 45% af rúmmáli

Þéttleiki: Hvítt: Um 1,45 kg/dm³

Ráðlögð þykkt við 20°C/65% raka: Þurrt:

Um 50 míkrón. Blautt: Um 125 míkrón

Þornun við 20°C og 65% raka: Snertipurtt eftir um 1 klst. Yfirmálan eftir um 6 klst

Þynning: Engin

Verkfæri: Penslar, rúllur, sprautur (airless)

Sprautun: Engin þynning. Þrýstingur úða 80-120 bör. Mælt með Graco spíssaopi 15-18 RAC X FF LP Switch Tips eða Wagner HEA Protip 5-17

Þekja: 10-12 m²/l (veltur á undirlagi og aðferð við málan)

Þvottheldni: 1. flokkur DIN EN 13300

Litur: Allir

Umbúðir: 1, 5 og 10 l

Hreinsun: Vatn

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými

Loftgæði: A+ (matskarði útstreymis er frá A+ (mjög lítið) til C (mjög mikið))

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/a) 30 g/l (2010). Alphacryl Pure Mat SF inniheldur minna en 1 g/l

Umhverfi

Varan er vottuð af Evrópublóminu, sem er umhverfismerki Evrópusambandsins